

Lög um Fiskræktarsjóð

2008 nr. 72 11. júní

Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.

Tóku gildi 1. janúar 2009. Breytt með: [L. 126/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011). [L. 47/2018](#) (tóku gildi 26. maí 2018). [L. 62/2018](#) (tóku gildi 23. júní 2018; um lagaskil sjá brbákv.). [L. 88/2020](#) (tóku gildi 22. júlí 2020 nema 14. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna [hér](#).

■ 1. gr. Fiskræktarsjóður.

☐ Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði [ráðherra] sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

[L. 126/2011, 484. gr.](#)

■ 2. gr. Stjórn Fiskræktarsjóðs.

☐ Fiskræktarsjóður lýtur [fjögurra] manna stjórn sem [ráðherra] skipar til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga [og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga]. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Nú tilnefnir einn framangreindra aðila eigi mann í stjórn sjóðsins og skipar þá ráðherra í nefndina án tilnefningar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

[L. 62/2018, 1. gr.](#) [L. 126/2011, 484. gr.](#)

■ 3. gr. Verkefni stjórnar.

☐ Stjórn Fiskræktarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerð. Verkefni stjórnar eru m.a. að:

- skila ársreikningum og reglulegu yfirliti um starfsemi sjóðsins til ráðherra,
- taka ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár,
- taka ákvarðanir um úthlutanir og útgjöld.

■ 4. gr. Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs.

☐ Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs er:

- [fjárveiting á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum],
- arður af eigin fé,
- ...,

d. annað.

[L. 47/2018, 2. gr.](#)

■ **5. gr. ...** "

[L. 62/2018, 2. gr.](#)

■ **6. gr. ...** "

[L. 62/2018, 3. gr.](#)

■ **7. gr. Eigið fé Fiskræktarsjóðs.**

☐ ... "

☐ Eigið fé, sem ekki hefur verið ráðstafað með heimild í 8. gr., skal ávaxtað samkvæmt samningi við aðila sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár.

☐ ... "

[L. 62/2018, 4. gr.](#)

■ **8. gr. Úthlutanir úr Fiskræktarsjóði.**

☐ Fyrir 1. september hvert ár skal stjórn Fiskræktarsjóðs gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Reglurnar skulu áður bornar undir ráðherra til samþykktar.

☐ Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði í samræmi við gildandi lána- og úthlutunarreglur.

☐ Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þyki þess þörf.

☐ Fiskræktarsjóði er heimilt að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

☐ Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

☐ Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

■ **9. gr. Reglugerðarheimild. Kostnaður af rekstri.**

☐ Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þ.m.t. um málsmeðferð og ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

☐ Allur kostnaður af starfsemi Fiskræktarsjóðs greiðist af honum.

■ **10. gr. ...** "

[L. 62/2018, 5. gr.](#)

■ **11. gr. Gildistaka.**

☐ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða. ...** "

[L. 88/2020, 16. gr.](#)